



UMSÖGN

Viðtakandi: Aðgengis- og samráðsnefnd

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn aðgengis- og samráðsnefndar vegna aðgengismála blindra og sjónskertra (R20090160).

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar þann 13. október sl. var samþykkt að leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

- 1. Liggur fyrir úttekt eða forgangsöröðun hvað varðar að bæta aðgengi allra að gönguþverunum í borginni?*
- 2. Er til skilgreind hámarksvegalengd á milli gönguþverana í Reykjavík?*
- 3. Hefur farið fram vinna við að samræma gönguþveranir og merkingar við þær?*
- 4. Stendur til að fjölga umferðarljósum með niðurtalningu í Reykjavík, sbr. ljós í Lækjargötu?*
- 5. Hefur verið farið í þá vinnu að mála tröppur í borginni með afgerandi lit til að bæta aðgengi blindra og sjónskertra?*

Svar við fyrirspurn:

1. Fyrir um það bil 20 árum var gerð úttekt á gönguþverunum í Reykjavík og í framhaldinu gerðar lagfæringar. Við framkvæmdir í seinni tíð hefur verið leitast við að fylgja leiðbeiningum um aðgengi fyrir alla. Ekki liggur þó fyrir nýleg úttekt á aðgengismálum við gönguþveranir.

2. Það er ekki til skilgreind hámarksvegalengd milli gönguþverana í Reykjavík. Leitast er við að hafa gönguþveranir á öllum gatnamótum og á milli þeirra ef það þykir henta. Í leiðbeiningum um gönguþveranir er aftur á móti að finna viðmið um lágmarkslengd milli gönguþverana.

3. Unnið er eftir leiðbeiningum um útfærslur gönguþverana og merkingar á eldri gönguþverunum lagaðar samhliða öðrum framkvæmdum á svæði. Ekki er stefnt að því að merkja allar gönguþveranir sem gangbrautir, heldur veltur það á eðli þeirra og staðsetningu. Bent er á leiðbeiningar Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar um gönguþveranir sem aðgengilegar eru á heimasíðu Vegagerðarinnar.

4. Það er ekki sérstaklega stefnt að því að fjölga umferðarljósum með niðurtalningu, þó það komi vel til greina þar sem það er talið til bóta. Uppsetning slíkra ljósa kemur helst til greina þar sem er mikil umferð gangandi vegfarenda.

5. Framkvæmdir við nýjar tröppur eru í samræmi við leiðbeiningar um aðgengi fyrir alla og eldri tröppur eru lagfærðar samhliða öðrum breytingum og framkvæmdum á svæðinu. Helst er um að ræða viðvörunarhellur fyrir ofan og neðan tröppur.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri